

8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 12. maí 1919.

Nr. 31/1918.

Gissur Filippusson
gegn
Ólafi V. Davíðssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var í undirrétti rekið sem aðalsök og gagnsök. Aðalmálið höfðaði Ólafur V. Davíðsson í Hafnarfirði fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda Gissuri Filippussyni vélasmið hér í bænum til greiðslu á 8670 kr. skaðabótum fyrir sammingsrof ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði, en áfrýjandi, Gissur Filippusson, höfðaði þá gagnsök á hendur honum; krafðist sýknunar í aðalmálinu en í gagnsökinni krafðist hann þess að Ólafur V. Davíðsson yrði dæmdur til að greiða sér 600 kr. með 6% ársvöxtum frá 21. Júlí 1917 til greiðsludags. Svo krafðist hann málekostnaðar bæði í aðalsök og gagnsök.

Máli þessu lauk svo fyrir aukaréttinum, með dómi uppkveðnum 3. maí f.á., að Gissur Filippusson var dæmdur til að greiða aðalstefnanda Ólafi V Davíðssyni 400 kr. með 6% ársvöxtum frá 30 okt. 1917 til

greiðsludags, skaðabætur fyrir ónóg not skipsins Reaper frá 22. júlí til 22. sept. 1917 vegna ónothæfni vélarinnar í því eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna og 100 kr í málskostnað.

Þessum dómi hefur Gissur Filippusson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 26. júní f.á., og krefst hann þess að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnda Ólafs V. Davíðssonar, og að hann verði dæmdur til að greiða sér 600 kr. með 6^o/_o ársvöxtum frá 21. júlí 1917 til greiðsludags. Stefndi Ólafur V. Davíðsson hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 6. sept. f.á., og gjörir þær réttarkröfur, að dómnum verði breytt þannig að allar kröfur hans fyrir undirrætti verði teknar til greina, þannig að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 8970 kr. með 6^o/_o ársvöxtum frá 30. okt. 1917 að frádragnum 600 kr., sem áfrýjandi telur sig eiga hjá stefnda, ásamt málskostnaði fyrir báðum dómum eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir að veturinn 1916-1917 sömdu málsaðilar svo með sér að áfrýjandi skyldi gjöra við mótor úr skipinu Reaper fyrir stefnda fyrir 1800 kr., og síðan samdist svo, að áfrýjandi skyldi setja mótoringinn í nefnt skip fyrir 200 kr. Heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi lofað að setja mótoringinn í skipið strax og það kæmi til Reykjavíkur og að innsetningin skyldi ekki taka nema 4-5 daga. Skipið hafi komið til Reykjavíkur 16. júní 1917, en innsetningunni hafi ekki verið lokið fyr en 21. júlí s.á.; hafi hann í trausti til þess að vel yrði gjört við vélina og innsetningunni

lokið á umsömdum tíma, leigt skipið með 5 mönnum frá 1. júlí til 31. ág. fyrir 125 kr. á dag, en vegna dráttarins á innsetningunni hafi hann orðið af þessari leigu; 5 menn hafi verið ráðnir á skipið þar til í september, og hafi hann ekki getað losnað við þá án þess að borga þeim kaup allan tíman; þar sem hann hafi orðið af leigunni, hafi hann orðið að halda skipinu út sjálfur, en aðgjörðin og innsetningin hafi verið svo illa af hendi leyst, að vélin hafi stöðugt verið í ólagi, þótt hann hafi haft menn við hana til lagfæringar og viðgerðar. Vegna ólagsins á vélinni hafi hann eftir fyrstu ferð skipsins orðið að bæta 6. mannum við á það.

Eftir komu skipsins úr þessari fyrstu ferð fékk stefndi dómkvadda 2 menn til að dæma um aðgerðina á vélinni og innsetningu hennar í skipið; töldu þeir starfið illa af hendi leyst og möttu þeir kostnaðinn við að fullgera aðgerðina á mótornum og laga innsetninguna 800 kr. Með þessu telur stefndi að áfrýjandi hafi rofið samninginn við sig, og sundurliðar hann skaðabótakröfu sína þannig:

1. 2 fastir menn við skipið frá $16/6$.— $21/7$
að frádregnum 5 dögum til innsetning-
ar vélarinnar = 30 dagar kr. 600,00
2. töpuð leiga frá $22/6$.— $21/7$
= 30 daga à 125 kr. . . kr. 3750,00
÷ kaup 5 manna . . . — 1150,00 — 2600,00
3. 1 aukamaður um borð vegna þess að
vélín var í ólagi frá $6/8$.— $30/9$. =
 $14/5$ mán. — 360,00

Flyt kr. 3560,00

	Fluttar kr. 3560,00
4. Lagfæring og viðgerð á vélinni	— 200,00
5. Dómkvöðd skoðun á vélinni, er skipið kom úr fyrstu ferð	— 110,00
6. Tap fyrir ónóg not skipsins vegna ónothæfni vélarinnar frá $^{22}/_7$.— $^{22}/_9$. = 2 mánuði	— 4000,00
7. Skaðabætur fyrir ónóga aðgerð samkvæmt mati	— 800,00
	Samtals kr. 8670,00

Áfrýjandi neitar því afdráttarlaust að nokkuð hafi verið um það samið hvað langan tíma innsetning vélarinnar ætti að taka eða neitt um það lofað frá sinni hálfu. Þessum mótmælum hefur stefndi ekki hnekkt eða fært sönnur á staðhæfingu sína að innsetningunni hafi verið lofað innan ákveðins tíma, enda er ekkert komið fram um það í málinun, að stefndi hafi áskilið sér rétt til skaðabóta fyrir þetta, er hann tók við skipiun eftir innsetningu vélarinnar 21. júlí 1917, og verður 1. og 2. liður skaðabótakröfunnar ekki tekinn til greina.

Áfrýjandi hefur haldið því fram, að aðgerðin á vélinni og innsetning hennar í skipið hafi verið forsvaranlega afhendi leyst; vélin hafi verið reynd eftir innsetninguna og reynst vera í góðu lagi, en þótt vélin kunni að hafa skemst síðar eða verið í ólagi, beri hann enga ábyrgð á. Það hafi verið meðferðinni á henni að kenna.

Það verður nú að teljast sannað með hinni umræddu skoðunargjörð að bæði aðgerðinni á vélinni og

innsetningu hennar í skipið hafi verið ábótavant og ekki forsvaranlega af hendi leyst, og verður að telja áfrýjanda skylt að bæta stefnda tjón það, er af því hefur leitt. Til þess verður fyrst að telja upphæð þá, er skoðunarmennirnir hafa metið, að fullnaðaraðgerð á henni og lögun á innsetningu hennar í skipið mundi kosta, en það var 800 kr. Í öðru lagi verður að telja rétt að áfrýjandi greiði stefnda 4. lið skaðabótakröfunnar, 200 kr. með því að þeim lið hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, svo og kostnaðinum við skoðun vélarinnar 110 kr.; hins vegar hefur stefndi eigi gegn mótælum áfrýjanda sannað að nauðsynlegt hafi verið að bæta manni í skipið vegna ólagsins á vélinni, og verður því 3. liður skaðabótakröfunnar eigi tekinn til greina.

Að því er snertir 6. lið skaðabótakröfunnar, bætur fyrir ónóg not skipins vegna ónothæfni vélarinnar, 4000 kr., er þess að gæta að eftir að mótörinn var settur í skipið, var það sent með flutning til Patreksfjarðar, og virðist það hafa komið úr þeirri ferð fyrri hluta ágústmán. Stefndi hefur nú ekki sýnt fram á hvað lengi skipið hafi tafist á þessari ferð vegna ólagsins á vélinni, og er þá ekki auðið að dæma stefnda neinar skaðabætur fyrir þennan tíma. Eftir það eða eftir að gallarnir komu fram á vélinni og innsetningu hennar virðist áfrýjandi ekki geta gjört kröfur til annara bóta, en bóta fyrir afnotamissi skipsins þann tíma, er viðgerð á vélinni og lögun á innsetningu hennar hefði tekið eða hefði þurft að taka, en um þetta eru engar upplýsingar í málinu, og

með því að heldur eigi liggja fyrir nægar upplýsingar um það hvað skipið hefur tafist vegna ólagsins á vélinni á tímabilinu frá því að skoðunin fór fram til 22. sept., þykir eigi fært að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda skaðabætur í þessu skyni.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 800.00 + 200.00 + 110.00 = kr 1110 00, en frá þessari upphæð ber að draga þær 600 kr., er áfrýjandi hefir krafist dóms fyrir og stefndi samþykkt að draga eigi frá kröfu sinni. Það ber þannig að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 510 kr. með 6 % ársvöxtum frá 30. okt 1917 til greiðsludags. Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir undirétti og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Gissur Filippusson greiði stefnda Ólafi V. Davíðssyni 510 kr. með 6 % ársvöxtum frá 30. okt. 1917 til greiðsludags. Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaðför.